



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **menntun, rannsóknir og tungumál** 2025–2030

Eflum Norðurlönd sem svæði menntunar og
rannsókna



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Pólitískar áherslur	7
Markmið 1: Öllum á Norðurlöndum standi til boða framúrskarandi menntun, frá unga aldri til æviloka, óháð bakgrunni	10
Markmið 2: Menntun á Norðurlöndum endurspegli í framtíðinni færnipörf samfélagsins og atvinnulífsins	12
Markmið 3: Norrænar rannsóknir skari fram úr á alþjóðavísu, efli visku og dáð og skapi mikilvæga þekkingu í þágu Norðurlanda	14
Markmið 4: Norðurlönd verndi og þrói öll sín tungumál og tungumálasamfélög	16
Markmið 5: Norðurlönd efd sem samþætt menntunar- og rannsóknasvæði	18
Úttekt á samstarfsáætluninni	20
Um ritið	21

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2024-764>

Formáli



Lotta Edholm, skólamálaráðherra Svíþjóðar, Johan Pehrson, menntamálaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Samvinna um menntamál, rannsóknir og tungumál er mikilvægur þáttur í samstarfinu á sviði ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir, MR-U, um viðbrögð við brýnum úrlausnarefnum á innlendum og alþjóðlegum vettvangi. Markmiðið er að norrænt samstarf stuðli að betri skilyrðum fyrir framúrskarandi menntun og rannsóknir.

Norðurlönd deila grunngildum, sterkri lýðræðishefð og sameiginlegri sögu en löndin eru þrátt fyrir það nógu mismunandi til að geta borið sig saman og lært hvert af öðru. Það er einmitt með samstöðunni sem við þróumst og stöndum sterkari.

Áskorunum samfélagsins verður ekki mætt án menntunar, rannsókna og tungumála og löndin hafa ekki bolmagn til þess hvert fyrir sig. Norrænt samstarf um menningarmál, inngildingu og atvinnulíf er einnig mikilvægt. Á þetta sérstaklega við um flókin samfélagsmál sem Norðurlönd geta bætt sig frekar í að takast á við: Stöndum við vel og skynsamlega að menntun með hagsmuni einstaklinga og samfélags að leiðarljósi? Getum við spáð fyrir um bestu úrlausnirnar og forgangsraðað með skýrum hætti? Nýtum við þau tækifæri sem er að finna í norrænu löndunum?

Samstarfsáætlun þessi vísar veginn fyrir norræna samstarfið og endurspeglar áherslur norrænu ráðherranna um skóla-, mennta- og vísindamál til ársloka 2030.

Samstarfsáætlunin er metnaðarfull. Hún sýnir fram á að norræna samstarfið skiptir máli og stendur traustum fótum. Hins vegar er nauðsynlegt að efla samstarfið enn frekar. Þau markmið sem við höfum sett fram endurspeglar þess vegna þá ábyrgð okkar ráðherranna að skýra forgangsverkefni og leggja fram skýra stefnu fyrir öflugt samstarf. Við vonumst til að samstarfsáætlunin verði til þess að efla norrænt samstarf á öllum sviðum.

Lotta Edholm
skólamálaráðherra
Svíþjóðar

Johan Pehrson
menntamálaráðherra
Svíþjóðar

Karen Ellemann
framkvæmdastjóri
Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Árið 2019 samþykktu forsætisráðherrar norrænu landanna sameiginlega framtíðarsýn um að Norðurlönd ættu að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar mun því miðast við að uppfylla þessa framtíðarsýn með aðgerðum á þremur stefnumarkandi áherslusviðum, þ.e. grænum Norðurlöndum, samkeppnishæfum Norðurlöndum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Norrænt samstarf á sviði menntamála, rannsókna og tungumála skiptir sköpum fyrir uppbyggingu lýðræðislegra og viðnámsþolinna samfélaga sem einkennast af þekkingu, samstöðu og gagnkvæmu trausti og fyrir þá viðleitni Norðurlanda að vera sem hingað til eitt af samþættustu svæðum heims. Á meðal þeirra áskorana sem norrænu velferðarríkin standa frammi fyrir má nefna loftslags- og umhverfisbreytingar, félagslegan ójöfnuð og síhækkandi meðalaldur. Þá er líklegt að nýjar og óþekktar innlendar sem alþjóðlegar áskoranir og krísur muni reyna á hin norrænu velferðarsamfélög.

Í gegnum skólagöngu og menntun öðlast almenningur á Norðurlöndum þekkingu á forsendum lýðræðisins, gildum og leikreglum og verður fær um að taka þátt í lýðræðislegum ferlum. Grunnur að virkri þátttöku er lagður snemma. Strax á leikskólastigi kynnast börn inngildandi félagsskap þar sem öllum gefst færi á að tjá sig, fá áheyrn og taka þátt. Rannsóknastarf og þekkingarsköpun skipta miklu máli, ekki aðeins vegna niðurstaðnanna sem fást heldur einnig vegna þess að þetta tvennt sýnir fram á gildi gagnrýnnar hugsunar og átaka andstæðra skoðana.

Menntamál, rannsóknir og tungumál eru meðal helstu málefnasviða Norrænu ráðherranefndarinnar og forsendna fyrir árangri af framtíðarsýninni fyrir árið 2030 annars vegar og hins vegar fyrir öflugra viðnámi Norðurlanda gagnvart áföllum í framtíðinni. Samstarfið nær til menntakerfisins í heild sinni, allt frá leikskóla til æðri menntunar og símenntunar ásamt rannsóknum og tungumálum. Saman styðja menntun, rannsóknir og tungumál við lýðræði á Norðurlöndum með uppbyggingu trausts, sjálfsmyndar og samstöðu ásamt því að efla gagnrýna hugsun og skoðanaskipti.

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir er fjallað um pólitískar áherslur og markmið fyrir árin 2025–2030.

Markmiðin í samstarfsáætluninni undirstrika að Norðurlönd standa sig vel á mörgum sviðum en betur má ef duga skal. Til að góður árangur náist þarf að tryggja framúrskarandi menntun, að allir öðlist góða grunnfærni og hljóti leikskóla- og skólavist sem ýtir undir lýðræðisþátttöku og vinnur gegn félagslegri einangrun og upplýsingaóreiðu. Menntun á Norðurlöndum á að fela í sér tækifæri fyrir allan almenning, frá unga aldri og út ævina, og hún þarf einnig að sumu leyti að þróast í takt við þarfar atvinnulífsins. Áfram ber að stunda samfélagslega mikilvægt rannsóknarstarf

á heimsæli og móta tungumálastefnu sem eflir sjálfsmynd og eykur samkeppnishæfni.

Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og aðrir hagaðilar komu að gerð samstarfsáætlunarinnar. MR-U bærur tillögur og ábendingar frá norrænum og landsbundnum hagsmunaaðilum og samtökum. Þar á meðal voru ábendingar frá ungu fólki á Norðurlöndum, m.a. frá Ungmennamánuði Norðurlanda í nóvember 2023.

Norrænt samstarf styðst einnig við önnur stefnumarkandi skjöl Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal Framtíðarsýn okkar 2030. Við allar aðgerðir skal tekið tillit til viðkomandi þverlægra sjónarhorna, svo sem sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og réttinda barna og ungmenna til þess að hafa rödd og taka þátt. Þá þurfa sjónarmið um fötlunarmál, inngildingu og aðgengismál að vera tekin með í reikninginn.

Samstarfsáætlunin byggist á því verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar að gera að veruleika framtíðarsýnina um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Norræna ráðherranefndin vinnur að því í heild sinni að uppfylla framtíðarsýnina með hinum þremur stefnumarkandi áherslum.

Samstarfsáætlunin býr til umgjörð um allar aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar í tengslum við menntamál og rannsóknir. Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir samþykkti samstarfsáætlunina hinn 19. ágúst 2024 og gildir hún til 31. desember 2030.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

**Norðurlönd eiga
að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þrjár.

Pólitískar áherslur

Pólitískar áherslur samstarfsáætlunarinnar taka mið af sameiginlegum áskorunum Norðurlanda og viðfangsefnum sem norrænu löndin geta staðið saman um að leysa og skapa norrænan virðisauka.

Forsendur til þess að takast á við samfélagslegar áskoranir eru góðar á Norðurlöndum. Menntunarstig er hátt og gott framboð á leikskólum, skólum og námi. Löndin verja háu hlutfalli af vergri landsframleiðslu í rannsóknir og menntamál og reka háskóla sem koma vel út í alþjóðlegum samanburði en almennt ríkir gott traust í garð rannsókna og þekkingar. Öll norrænu löndin eru virkir þátttakendur í evrópsku rannsóknasamstarfi, búa yfir öflugum fagumhverfi á heimsmælikvarða og skora hátt þegar kemur að nýsköpun. Á Norðurlöndum er ríkuleg tungumálafjölbreytni og samnorrænn tungumálaskilningur veitir Norðurlöndum samkeppnisforskot á önnur svæði.

Við stefnumótun á sviði menntunar og rannsókna þarf þó að horfa til fleiri atriða. Annars vegar er það hlutverk fræðslu og vísindastarfa að stuðla að aukinni þekkingu, almennri menntun, vitsmunalegri skoðanamyndun og félagsfærni. Hins vegar þarf jafnvel frekar en áður að svara kalli tímans, þar á meðal þörfum samfélagsins um fjölbreytni og sveigjanlegt vinnuafli, og leiða fram lausnir á áleitnum eða fyrirsjáanlegum vandamálum.

Heildarmyndin er því flókin og undirstrikar þörfina á menntun og þekkingu og kallar á nýja hugsun. Menntun í norrænu löndunum er almennt töluvert meiri að gæðum en í Evrópusambandinu miðað við alþjóðlegar rannsóknir á grunnfærni. Á hinn bóginn benda bæði talnagögn og alþjóðlegar rannsóknir til þess að grunnfærni fari minnkandi á Norðurlöndum. Utanaðkomandi þættir á borð við félagslegan og menningarlegan bakgrunn, tungumál og notkun samfélagsmiðla hafa í vaxandi mæli áhrif á daglegt nám. Greina má mun á námsárangri stúlkna og drengja, samsömun í skólanum og námsvali og hefur þróunin verið í átt til aukins félagslegs ójöfnuðar, meiri vanlíðunar, skólaforðunar og brottfalls barna og ungmenna. Börnum og ungmennum í viðkvæmri stöðu með fjölbreyttan vanda fer fjölgandi á Norðurlöndum.

Ný tækni og stafræn þróun setur enn fremur mark sitt á mennta- og rannsóknakerfið. Afleiðingar þessa eru óljósar en í því geta einnig falist tækifæri. Stafræn tækni, þar með talin gervigreind, getur haft áhrif á ráðamenn og ferla lýðræðisins en einnig stuðlað að nýjungum og nýsköpun. Brýnt verður að setja nauðsynlega ramma og finna út að hve miklu leyti tæknin verður notuð í mennta- og rannsóknakerfinu.

Atvinnulíf framtíðarinnar mun einkennast af grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýjum starfsgreinum og starfsaðferðum. Menntun verður því áfram mikilvæg, bæði til að uppfæra færni íbúa og að fá fleiri til að taka þátt í atvinnulífinu. Kynjaskipting, bæði í menntakerfinu og á vinnumarkaði, er samt sem áður of mikil á Norðurlöndum og auknar áskoranir tengjast því að margir lenda utan við menntakerfið og vinnumarkaðinn ásamt því að brottfall eykst, einkum í iðngreinum. Jafnvel þótt hlutfall ungs fólks sem ekki lýkur námi eða kemst út á vinnumarkaðinn á Norðurlöndum sé lægra en meðaltalið í OECD tekst allt of fáum að fullnýta hæfileika sína. Spár benda

jafnframt til þess að Norðurlöndum muni reynast erfitt þegar fram í sækir að manna mikilvægar starfsstéttir, svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga og annars heilbrigðisstarfsfólks, fólks með tölvukunnáttu og verkfræðinga. Það þýðir að starfsstéttir sem nauðsynlegar eru til að halda uppi velferðarstiginu og tryggja nauðsynleg umskipti verða of fáliðaðar.

Rannsóknir verða sífellt mikilvægari hluti af samfélagsþróuninni og eru lykillinn að því að vel takist til við nýsköpun, grænu umskiptin og stafræna þróun. Norrænu löndin búa að öflugum fagumhverfi og grænu umskipti, hafið, velferðar- og heilbrigðismál og norðurslóðir eru allt dæmi um mikilvæg mállefni sem norrænu löndin vinna nú þegar saman að. Um leið er mikil samkeppni um fjárveitingar til rannsókna enda um marga rannsóknaraðila að ræða. Geópólítísk togstreita eykur þörfina á þekkingu á og vitneskju um ábyrgt alþjóðlegt þekkingarsamstarf. Talnagögn sýna einnig fram á önnur úrlausnarefni, svo sem kynjaskiptingu innan fræðasamfélagsins og skort á starfsöryggi fræðimanna og rannsakenda.



Norrænt samstarf á sviði menntamála, rannsókna og tungumála skiptir sköpum fyrir uppbyggingu lýðræðislegra og viðnámsþolinna samfélaga sem einkennast af þekkingu, samstöðu og gagnkvæmu trausti og fyrir þá viðleitni Norðurlanda að vera sem hingað til eitt af samþættustu svæðum heims.

Eitt af því sem skapar norrænu samstarfi sérstöðu er gagnkvæmur skandinavískur tungumálaskilningur. Sterk tengsl eru á milli tungumála annars vegar og menningar og hefða hins vegar og þau leika mikilvægt hlutverk í sjálfsmyndarsköpun. Aftur á móti sýna rannsóknir að skandinavískur tungumálaskilningur sé mismikill eða fari hrakandi og að norrænu tungumálin eigi undir högg að sækja, meðal annars vegna alþjóðavæðingar og fólksflutninga og örrar þróunar á sviði stafvæðingar, ekki síst með tilkomu gervigreindarinnar. Í þessu felst áskorun en jafnframt tækifæri til að efla sameiginlegan áhuga og þekkingu á norrænni stefnumótun í tengslum við tungumál til ársins 2030. Tungumál frumbyggja og önnur mál með eigin sögu og stöðu auðga tungumálafjölbreytni á Norðurlöndum. Saman skipta tungumálin sköpum fyrir sterka sjálfsmynd og aukinn hreyfanleika sem og fyrir inngildingu í löndunum.

Vandi af þessu tagi einskorðast ekki við Norðurlönd. Norrænu löndin eiga hins vegar margt sameiginlegt og búa að áralangri og sterkri hefð fyrir samvinnu. Þess vegna hentar samstarfið innan Norrænu ráðherranefndarinnar sérlega vel til þess að miðla reynslu og finna sameiginlegar lausnir á flóknum vandamálum með árangursríkari hætti en hægt er á öðrum alþjóðlegum vettvangi. Það gefur Norðurlöndum einnig tækifæri til að verða pólitískt og faglegt forystusvæði.

Markmið og undirmarkmið

Ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir hefur samþykkt markmið og undirmarkmið fyrir starfið á tímabilinu 2025–2030. Pólitísku áherslurnar mynda umgjörð um aðgerðir innan þessa málaflokks í norrænu samstarfi. Þetta felur í sér að markmiðin eru lögð til grundvallar verkefnum sem sviðið hrindir af stað.

Markmið 1: Öllum á Norðurlöndum standi til boða framúrskarandi menntun, frá unga aldri til æviloka, óháð bakgrunni



Norðurlönd skulu áfram vera öflugt menntunarsvæði í alþjóðlegum samanburði árið 2030, þar sem eru góð tækifæri til menntunar og allir búa yfir grunnfærni og stafrænni hæfni. Menntun á að veita öryggi frá unga aldri til fullorðinsára. Rannsóknir benda til að áhersla á gæðamenntun og snemmtækar aðgerðir, að viðbættum stuðningi þegar þörf er á, hafi í för með sér mannúðlegan og félagshagfræðilegan ávinning og dragi úr þörf á meiriháttar og kostnaðarsömum inngripum síðar á lífsleiðinni. Menntun á einnig að skapa færni og hvata til lýðræðis- og samfélagslegrar þátttöku auk þess að örva gagnrýna hugsun og gera fólki kleift að vinna gegn upplýsingaóreiðu og taka þátt í þjóðmálaumræðu og skoðanaskiptum sem byggjast á staðreyndum. Norðurlönd verða að vinna saman með skilvirkari hætti en áður að inngildingu í menntakerfinu og atvinnulífinu, meðal annars með því að tryggja heilbrigði og velferð fyrir alla, óháð menntunarstigi og tungumála- og menningarlegum bakgrunni, og tryggja forvarnarstarf og fræðslu frá unga aldri.

Undirmarkmið 1.1: Fleiri öðlist almennilega grunnfærni.

Undirmarkmið 1.2: Menntun stuðli að aukinni lýðræðisfærni, gagnrýnni hugsun, stafrænni hæfni og getu íbúa til að fóta sig í nýjum miðla- og upplýsingaveruleika.

Undirmarkmið 1.3: Færri lendi utan við menntakerfið og vinnumarkaðinn, meðal annars vegna snemmtækra og fyrirbyggjandi aðgerða.

Undirmarkmið 1.4: Norðurlönd vinni að uppbyggilegum félagstengslum og bættri velferð og heilsu barna og námsmanna á öllum skólastigum.

Markmið 2: Menntun á Norðurlöndum endurspegli í framtíðinni færniþörf samfélagsins og atvinnulífsins



Árið 2030 eiga, eins og áður, tækifæri fólks til að þróa færni sína alla ævi að liggja til grundvallar símenntun á Norðurlöndum, óháð þörfum þess og getu. Jafnframt þurfa löndin að þróa náms- og kennsluumhverfi sem er sveigjanlegt og aðlögunarhæft þar sem færni íbúanna er nýtt og þarfir vinnumarkaðarins og samfélagsins eru uppfylltar. Þetta nær einnig til starfsþróunar sem aftur krefst símenntunar kennara svo nýta megi nýjar aðferðir og styðja við starfstengt námi. Til að stuðla að umskiptum yfir í sjálfbærni og standa vörð um velferðarsamfélagið þurfa sem flestir að afla sér menntunar og taka þátt á vinnumarkaði með sérhæfingu í starfsgreinum sem samfélagið og atvinnulífið kalla eftir. Um leið verða Norðurlönd að vinna í sameiningu gegn félagslegri einangrun og jaðarsetningu til þess að umskiptin verði inngildandi og skilvirk.

Undirmarkmið 2.1: Gætt sé jafnvægis milli menntakerfa og framboðs og færniparfa til að græn umskipti heppnist og velferðarsamfélögin standi sterk.

Undirmarkmið 2.2: Fleiri bæti stöðu sína á vinnumarkaði með endurmenntun og framhaldsnámi og aukinni viðurkenningu.

Undirmarkmið 2.3: Fleiri með erlendan bakgrunn taki þátt á vinnumarkaði með markvissum tungumála- og fræðslutilboðum.

Undirmarkmið 2.4: Fleiri ljúki menntun og eigi greiða leið inn á inngildandi og réttlátan vinnumarkað.

Markmið 3: Norrænar rannsóknir skari fram úr á alþjóðavísu, efli visku og dáð og skapi mikilvæga þekkingu í þágu Norðurlanda



Norðurlönd eiga að vera öflugt þekkingarsvæði og norrænar rannsóknir órjúfanlegur hluti af því að finna lausnir á stórum samfélagsáskorunum, þvert á fagsvið og samstarfseiningar. Rannsóknirnar skulu hafa norrænt notagildi, byggt á sameiginlegum gildum og viðmiðum, og tryggja að Norðurlandabúar búi yfir fullnægjandi þekkingu til að taka upplýstar ákvarðanir og bregðast skynsamlega við áskorunum. Norðurlönd eiga að vera eftirsóknarvert rannsóknasvæði með góð skilyrði til að vinna að rannsóknum, óháð kyni, aldri og atgervi. Þetta felur meðal annars í sér jafnt kynjahlutfall innan akademíunnar og fjölbreytta starfsmöguleika fyrir ungt rannsóknarfólk.

Undirmarkmið 3.1: Norrænu löndin stuðli að framþróun samfélaga sinna og norrænu notagildi með rannsóknasamstarfi og -miðlun í fremstu röð.

Undirmarkmið 3.2: Norrænt rannsóknasamstarf stuðli að fjölfaglegri og þverlægri samvinnu innlendra og norrænna fjármögnunaraðila.

Undirmarkmið 3.3: Norrænt samstarf um rannsóknarinnviði verði eftl.

Undirmarkmið 3.4: Norðurlönd verði eftirsóknarvert rannsóknasvæði með góð skilyrði til rannsókna, óháð kyni, aldri og atgervi.

Undirmarkmið 3.5: Norrænt rannsóknarstarf byggji á viðmiðum á borð við akademískt frelsi, heilindi, ábyrgar aðferðir, opin vísindi og öryggi.

Markmið 4: Norðurlönd verndi og þrói öll sín tungumál og tungumálasamfélög



Tungumál eru hryggjarstykki samfélaganna okkar á Norðurlöndum og eiga þátt í að skapa samstöðu og traust og styrkja lýðræði og virkni íbúanna. Tungumálafjölbreytnin er mikil og þess vegna er mikilvægt að vernda og þróa öll tungumálin og tungumálasamfélögin, þar með talið tungu frumbyggja og minnihlutahópa. Norrænt málsamfélag er einstakt og styður ásamt öðru við samnorræna sjálfsmynd og ýtir undir að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Efla verður áhuga barna og ungmenna á að tjá sig á skandinavísku málunum því að þau eiga eftir að taka norrænt samstarf að sér innan tíðar og annast það. Börn, ungmenni og fullorðið fólk sem hefur annan menningar- og tungumálabakgrunn á að hafa tækifæri til að læra undirstöðutungumál þess norræna lands sem það kemur til. Efla ber norrænt tungumálasamstarf fram til ársins 2030 með langtímasamstarfi, góðri umgjörð fyrir tungumálin og pólitískri athygli, m.a. með því að fylgja eftir yfirlýsingunni um norræna tungumálastefnu og vinna markvisst að þróun stafræna lausna og gervigreindar.

Undirmarkmið 4.1: Norðurlandabúar þekki og skilji vel norræn tungumál, sérstaklega skandinavísku málin.

Undirmarkmið 4.2: Áhugi barna og ungmenna vakinn á norrænum tungumálum og norrænu samstarfi.

Undirmarkmið 4.3: Norðurlönd tryggi að undirstöðutungumál landanna, minnihlutatungumál þeirra og táknmál þróist og haldi velli á tímum stafvæðingar.

Markmið 5: Norðurlönd efla sem samþætt menntunar- og rannsóknasvæði



Markmið Norðurlanda er að verða samþættasta svæði heims fyrir árið 2030. Það á að vera auðvelt og eftirsóknarvert fyrir Norðurlandabúa að búa, stunda nám og starfa í öðru norrænu landi. Gagnkvæm viðurkenning á menntun og starfsréttindum er fremur almenn nú þegar og tugir þúsunda námsmanna og kennara taka þátt í skiptiáætlunum á ári hverju. Hvort tveggja stuðlar að samþættingu á Norðurlöndum. Eigi að síður þarf að vernda og styrkja ýmislegt til að Norðurlönd þygi eftirsóknar- og áhugaverð. Þarf að vera sjálfsagt að horfa til norræns samstarfs sem vettvangs fyrir pólitíska stefnumörkun landanna og mótun samnorrænna lausna og til Norðurlanda sem bandamanns í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi þar sem löndin geta talað einni röddu.

Undirmarkmið 5.1: Norðurlönd festi sig frekar í sessi sem mikilvægt og áhugavert svæði með því að miðla af reynslu sinni og meta norræn álitaefni með hliðsjón af evrópskri og alþjóðlegri stjórnmálaþróun.

Undirmarkmið 5.2: Auðvelt sé og eftirsóknarvert fyrir Norðurlandabúa að stunda nám, rannsóknir og vinnu í öðru norrænu landi.

Undirmarkmið 5.3: Tryggja ber tíð náms- og starfsmannaskipti milli norrænu landanna og hreyfanleika almennt og sömuleiðis á milli Norðurlanda og Eystrasaltslanda á sviði menntunar og rannsókna.

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjórinn og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun um menntun, rannsóknir og tungumál 2025–2030

PolitikNord 2024:764

ISBN 978-92-893-8001-0 (PDF)

ISBN 978-92-893-8002-7 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord2024-764>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Ann-Sofi Rosenkvist/Image Bank Sweden, Sofia Sabel/Image Bank Sweden, Oddleiv Apneseth/norden.org, Udirs bildebank, Lieselotte van der Meijs/Image Bank Sweden

Útgefið Október 2024

Uppfært: Janúar 2025



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur